

**Nr. 088 / 11 Christina****Strandar við Lundey**

Skipaskr.nr. 2241  
 Smíðaður: Svíþjóð 1956, stál  
 Stærð: 38,78 brl. 36 bt.  
 Mesta lengd: 18,23 m Skráð lengd: 16,28 m  
 Breidd: 4,50 m Dýpt: 2,95 m  
 Vél: Volvo Penta 192 kW, 1971  
 Fjöldi skipverja: 2  
 Fjöldi farþega: 6



Christina©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. júlí 2011 var farþegaskipið Christina á útsýnissiglingu á Kollafirði. Veður: A 8-9 m/s. og bjart. Djúprista: 2,9 m.

Á siglingunni strandaði skipið norður af Lundey á stað, 64°11'317N og 021°49'989V. Björgunarsveitir voru kallaðar út og þar sem skipið hallaði var fólkið sett um borð í björgunarbát. Það var síðan tekið um borð í björgunarskipið Stefnir sem flutti það í land þar sem sjúkraflutningamenn og lögregla beið.



Myndin sýnir Christinu á strandstað  
 Mynd©mbl.is/Árni Sæberg

Á meðan beiðið var eftir aðfalli hélt b/s. Ásgrímur Björnsson við Christinu til að varna því að hún legðist freka upp í fjöruna. Eftir að verulega var fallið að voru vélar ræstar og bakkað og á sama tíma tók björgunarskipið í og kl 15:18 losnaði skipið af strandstað og reyndist lítið skemmt.

**Við rannsókn kom fram:**

- að samkvæmt siglingaferli úr AIS-tæki skipsins strandaði það um 0,04 sml (75 m) í rv. 180° frá NV tanga Lundeyjar. Því hafði verið siglt smá spöl (u.þ.b. 0,05 sml) innan við sjö metra jafndýpslínunnar á hægri ferð (frá

0,5 til 4 hnútar). Þegar beygt var inn fyrir fimm metra jafndýpislínuna strandaði skipið og stóð fast kl. 10.57;

- að fjara var í Reykjavík kl 13.05;
- að djúprista var 2,9 metrar í hælinn;
- að sögn skipstjóra hafði hann grun um að steinar væru út af NV tanga eyjarinnar og hafði því venjulega farið fremur rúmt fyrir. Í þetta skipti tók hann auka snúning til norðurs að ósk farþega sem vildu sjá meira. Þegar hann kom úr snúningnum sló stýrið út og truflaði einbeitingu hans svo hann sigldi upp í hættusvæðið (*sjá mynd*);
- að skipstjóri sagði að það hafi verið viðvarandi vandræði með það að rafmagnsstýrið vildi slá út en handstýri var alltaf virkt og hafði hann þá ávallt notað handstýrið vegna þessara bilana. Fyrir um sumarið taldi hann að komist hafi verið fyrir þessar bilanir þar sem settir voru auka segullokar á vökvalögnina. Þessi endurtekning á útslætti á rafmagnsstýri truflaði hann;
- að sögn skipstjóra varð einn farþeginn óttasleginn og af þeim sökum ákvað hann að sjósetja gúmmíbjörgunarbát og láta farþega og hinn skipverjann fara um borð í hann enda var skipið farið að halla á strandstað.



### *Nefndarálit:*

Orsök strandsins er aðgæsluleysi við stjórnun bátsins á grunnsvæði.